

## FORSÆTISNEFND

Ár 2023, föstudaginn 13. október, var haldinn 331. fundur forsætisnefndar. Fundurinn var haldinn í Ráðhúsi Reykjavíkur og hófst kl. 10:07. Viðstödd voru Marta Guðjónsdóttir, Heiða Björg Hilmisdóttir og Gísli S. Brynjólfsson. Eftirtaldir áheyrnarfulltrúar tóku sæti á fundinum: Kolbrún Áslaugar Baldursdóttir, Sanna Magdalena Mörtudóttir og Alexandra Briem. Eftirtaldir fulltrúar og áheyrnarfulltrúar tóku sæti á fundinum með rafrænum hætti með vísan til heimildar í 1. másl. 1. mgr. 54. gr. samþykktar um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar sbr. 3. mgr. 17. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011: Jóhanna Dýrunn Jónsdóttir og Líf Magneudóttir. Eftirtaldir starfsmenn og embættismenn sátu fundinn: Helga Björk Laxdal, Bjarni Þóroddsson og Ólöf Magnúsdóttir sem ritaði fundargerð.

### Þetta gerðist:

- Lögð fram drög að dagskrá fundar borgarstjórnar 17. október 2023. MSS23010044  
Forsætisnefnd óskar eftir að eftirtalin mál verði tekin á dagskrá sem sérstakir dagskrárliðir með vísan til samþykktar um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar:
  - Skýrsla nefndar um heildstæða athugun á starfsemi vöggustofa í Reykjavík samanber 9. lið fundargerðar borgarráðs frá 12. október-
  - Umræða um Sundabraut (að beiðni borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokks, Samfylkingar, Framsóknar, Pírata, Viðreisnar, Flokks fólksins og Vinstri grænna)
  - Tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um fýsileikakönnun á stuðningi við uppsetningu sólarsetja á heimilum í Reykjavík
  - Umræða um frístundastyrkinn og hvernig vikið hefur verið frá upphaflegu markmiði hans (að beiðni borgarfulltrúa Flokks fólksins)
  - Umræða um NPA-samninga og fjölda sem eru á bið (að beiðni borgarfulltrúa Sósíalístaflokks Íslands)
  - Tillaga borgarfulltrúa Vinstri grænna um sameiningarviðræður við Mosfellsbæ og Seltjarnarnesbæ-
  - Tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um aðgerðaáætlun um almenningssamgöngur
  - Tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um að snjallvæðing umferðaljósa verði í forgangi við endurskoðun samgöngusáttmála höfuðborgarsvæðisins. MSS23010044
- 10:16 tekur Jóhanna Dýrunn Jónsdóttir sæti á fundinum og aftengist fjarfundarbúnaði.
- Lagt fram bréf skóla- og frístundasviðs, dags. 27. september 2023, varðandi breytingu á viðauka 2.6 við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar. Vísad til borgarstjórnar. MSS22080219
- Fram fer umræða um vinnuáætlun borgarfulltrúa. MSS23010284

Fundi slitið kl. 10:32

Sniðið: Inndráttur: Vinstri: 1 cm, Fyrsta lína: 0 cm